

# GJALDSKRÁ

## Landmælinga Íslands.

### 1. gr.

#### *Almennt um gjaldtöku Landmælinga Íslands.*

Landmælingar Íslands bjóða aðgang að landupplýsingum og tengdum gögnum í eigu eða umsjón stofnunarinnar. Aðgangur að stafrænu efni og birting þess er gjaldfrjáls nema annað sé tekið fram. Um notkun og birtingu gagna gilda lög nr. 103/2006 um landmælingar og grunnkortagerð og Almennir skilmálar um landfræðilegar upplýsingar og gögn Landmælinga Íslands.

Af sérhæfðri þjónustu á fagsviðum Landmælinga Íslands innheimtir stofnunin gjöld skv. 2. gr. Allar fjárhæðir í gjaldskrá þessari eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

### 2. gr.

#### *Sala á sérhæfðri þjónustu.*

Landmælingar Íslands innheimta gjöld af sérhæfðri þjónustu á fagsviðum stofnunarinnar skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 103/2006. Tímagjald fyrir sérhæfða þjónustu er:

Almennt gjald kr. 8.300 á hverja klukkustund.

Sérfræðinga gjald kr. 9.900 á hverja klukkustund.

Lágmarksgjald fyrir sérhæfða þjónustu er kr. 1.925. Stærri verkefni eru unnin samkvæmt tilboði miðað við ákveðinn tímafjölda.

### 3. gr.

#### *Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 103/2006 um landmælingar og grunnkortagerð.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Landmælinga Íslands nr. 754/2011.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. janúar 2013.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.*